

**Hraunavirkjun. Staða rannsókna eftir  
sumarið 1992**

**Helgi Torfason**

**Greinargerð HeTo-92-05**

## **HRAUNAVIRKJUN**

### **Staða rannsókna eftir sumarið 1992**

#### **1. INNGANGUR**

Greinargerð þessi fjallar um rannsóknir á jarðfræði svæðis sem nefnt er Hraun. Svæðið liggur milli Eyjabakkajökuls og Þrándarjökuls og afmarkast í norðri af Hornbrynju en í suðri af Kollumúlaheiði á Lónsöræfum. Við rannsókn svæðisins þarf að fara út fyrir þetta svæði, einkum til norðurs; t.d. liggur gangnaleið til norðurs um Víðivallaháls. Auk þess þarf vegna jarðfræðilegra tenginga að fara útfyrir ofangreind mörk.

#### **2. RANNSÓKNIR 1992**

Farnar voru þrjár ferðir austur, í júlí til að vinna í Fljótsdal og Hamarsdal, og í lok ágúst í Geithellnadal.

Vinna í Fljótsdal miðaðist við að bæta eldri kort sem til eru af Víðivallahálsi (Ágúst Guðmundsson) og undirbúa tengingu á jarðfræði þvert yfir Hraun, austur í Geithellnadal. Vel gekk að vinna í Fljótsdal þrátt fyrir rýsjótta tíð og er syðri hluti Víðivallaháls kominn nokkuð vel á hreint. Þar sem breytileiki er talsverður í staflanum gæti verið ástæða til að bæta inn sniðum síðar meir, þá á þeim stöðum sem mannvirki eiga að fara um.

Stutt ferð var farin í Hamarsdal í júlí, þar endar vegur við gangnamannakofa. Um það bil 2-3 tíma gangur er úr gangnamannakofa að þeim stöðum sem áætlað er að mannvirki verði og byrjað að vinna. Einingis var tekið eitt þar til að tengja við snið í Geithellnadal. Hætt var við frekari

rannsóknir þar vegna þess hve langur tími fór í gang. Líklega er betra að vinna í botni Hamarsdals með því að keyra frá Öxi inn á Hamarsdalsdrög eða vera með hesta og flytja sig inn dalinn eftir þörfum. Ef ætti að vinna frá gangnamannakofa færu meira er 5-6 tímar á dag í labbitúra, en alltaf þarf að fara lengra inn dalinn.

Í lok ágúst var farið í Geithellnadal og miðað við að fylgja eftir vinnu frá 1991. Því miður gerði illviðri með sjókomu og frosti og var ekki unnt að vinna jarðfræði lengra en upp í 6-700 m hæð vegna snjóa. Eitt snið var þó tekið og náði upp að fyrirhuguðum skurðaleiðum. Ekki var unnt að gangna eftir skurðaleiðum vegna þess að þær voru undir snjó. Þetta hausthret hélst nokkra daga, og var horfið frá við svo búið.

Afrakstur rannsókna við Hraunavirkjun árið 1992 er minni en áætlað var. Ekki reyndist eins auðsótt að vinna jarðfræði í Hamarsdal og vonast hafði verið til og ill veður gerðu lítið úr vinnu í Geithellnadal. Bestur árangur var að vinnu í Fljótsdal og má segja að þar hafi verið lokið því sem áætlað var.

#### **3. FRAMHALD RANNSÓKNA**

Á mynd 1 eru sýnd þau svæði sem jarðfræði hefur verið unnin á. Milli þessara svæða þarf að tengja til að fá heilsteypta mynd af jarðlögum sem þar eru. Til að geta unnið þessa jarðfræði er líklegt að leita verði útfyrir Hraun, því á Hrauninum sjálfum eru opnur slæmar og erfitt getur verið að fá botn í jarðmyndanir án samanburðar

við svæði sem eru betur opin.

Ef gert er ráð fyrir að vinna jarðfræði á Hraunum sumarið 1993 má benda á þann möguleika að leita til gamalla lausna og nota "þarfasta þjóninn" til að komast milli staða, en þarna uppi er illfært eða ófært á jeppum að því sagt er. Einnig gæti verið unnt að skrónglast á fjórhjólum, en undirritaður hefur enga reynslu á þeim fararskjótum.


Gera má ráð fyrir eftirfarandi vinnu:

<i>Staður</i>	<i>vinnudagar</i>
Geithellnadalur	6-8
Hamrsdalur	6-8
Hraun	8-10
Alls	20-25

Varla þarf að taka fram að ofangreind áætlun, eins og allar slíkar áætlanir, gerir ráð fyrir sól og logni alla daga. Þetta svæði er ómögulegt að vinna í rigningu eða þöku, hvað þá snjó.

Ef sá möguleiki er fyrir hendi að nýta hesta við rannsóknir, þarf að undirbúa það í vetur auk þess sem vinnuhópur verður þrír í stað tveggja eins og annars yrði. Kostnaður við að nota hesta er sagður meiri en ef bílar/fjórhjól eru notuð, en trúlega minni en ef notuð er þyrta. Því er svo við að bæta að þetta svæði er það erfitt yfirferðar, djúp gil, há fjöll og bratta hlíðar að vonlaust er að vinna jarðfræði á þessu svæði nema menn séu vel þjálfaðir og í mjög góðu líkamlegu ásigkomulagi, annars verður þetta barasta gutl.

Helgi Torfason



AGUST GJEM 1990

HORI Z & BJORN 1979

1992

1992

SUNDALEI 1992

GJISARDALEI 1992

1992

SUNDALEI 1992

SDAISH 1992